

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Fjölmiðlafræði (FJÖ173) Kennsluáætlun (Vorönn 2014)	

Kennarar:	Hilmar Friðjónsson, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Ómar Kristinsson	Sk.st.	HIF, HRS, ÓKR
------------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Áfanginn er inngangur og kynning á fjölmiðlafræði, bæði bóklegri og hagnýtri, þó hagnýtingin sé í fyrirrúmi. Nemendur skoða fjölmiðla í nútímasamfélagi; ólíka miðla og áhrif þeirra og mikilvægi í samfélaginu, auk þess hvernig samfélagið kann að móta miðlana. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur skili verkefnum í fréttu- og greinastíl eða með myndrænum/hljóðrænum hætti (innsögum). Áhersla verður lögð á að nemendur vinni eftir viðurkenndum aðferðum við fréttuöflun og -skrif. Miðað er við að flest verkefni séu til opinberrar birtingar, á heimasíðu skólans eða öðrum vettvangi skólanum tengdum.

Leitast verður við að vinna efni út frá nærsamfélaginu (skólanum) og með því skoða og meta mikilvægi miðlanna í því samfélagi. Í því augnamiði verður unnið sérstaklega út frá viðburðum í viðburðadagatali nemendafélagsins.

Þar sem áfanginn er í dreifnámi er gerð mikil krafa á sjálfstæð vinnubrögð en leitast verður við að nemendum verði úthlutað verkefnum sem henta sem best hans áhugasviðum.

Markmið:

Nemandi

- skilji hvað mótar fjölmiðla samfélagsins í breiðum skilningi.
- geri sér grein fyrir áhrifamætti fjölmiðla og tileinki sé gagnrýnið hugarfar gagnvart fjölmiðlum
- geri sér er grein fyrir gagnsemi og takmörkunum fjölmiðla
- kynnist vinnulagi sem viðhaft er í starfi fjölmiðlafólks á ólíkum miðlum, bæði hvað varðar efnisöflun og úrvinnslu efnis.
- Öðlist ákveðna færni í greiningu á myndefni og vinnslu þess.
- Fái innsýn í helstu samskiptasvæði netheima og hvernig þau geta nýst til fjölmiðlunar.
- Kynnist betur nærsamfélaginu (skólanum) og leitist við að opna augu annarra fyrir ólíkum þáttum þess.
- Fái innsýn í þau siðferðilegu álitamál sem tengjast fjölmiðlun.

Námsgögn:

Engin kennslubók er í áfanganum. Allt efni kemur frá kennurum í formi ljósrita eða á tölvutæku formi.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		
Fjölmiðlafræði (FJÖ173) Kennsluáætlun (Vorönn 2014)		

Áætlun um yfirferð:

Lota	Efnistöð	Verkefni
1 (jan)	Fjallað um fjölmiðla – hlutverk þeirra, mikilvægi og áhrif	Efni tengt árshátíð Fjölmiðlagreining
2 (feb)	Tæknileg hlið (myndvinnsla/hljóðvinnsla/birting)	Efni tengt söngkeppni Fjölmiðlavikan
3 (mar)	Efnisval og umbrot / uppsetning - úrvinnsla	Efni tengt opnum dögum, mottumars og kosningum Útvarp
4 (apr)	Nærsamfélagið og vinna með miðla	Útgáfa blaðs Netheimar

Námsmat og vægi námsþátta:

Efni tengt árshátíð	5%
Efni tengt söngkeppni	5%
Efni tengt opnum dögum	5%
Efni tengt mottumars	5%
Efni tengt kosningum til nemendaráðs	5%
Rekstur útvarps (öflun styrkja/auglýsinga; skipulag starfs; útsendingar)	20%
Útgáfa blaðs (ólíkir verkþættir nemenda)	20%
Fréttagreining	10%
Fjölmiðlavikan	10%
Netmiðlagreining	5%
Ýmis önnur verkefni (greinar og annað) unnið yfir önnina	10%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

*Réttur til breytinga er áskilinn. Verði breytingar, skal nemendum gerð grein fyrir þeim með tölvupósti og ný kennsluáætlun birt svo fljótt sem auðið er.